



Fundur háskólaráðs 10. apríl 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 07.04.2003
Dags: 10.04.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

7/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 10. apríl var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurgestsson, María Guðmundsdóttir, Ármann Höskuldsson, Hjalti Hugason, Þorsteinn Loftsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Anna Soffía Hauksdóttir.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram drög að dagskrá 9. háskólafundar 23. maí 2003.
- 1.2 Lagt fram minnisblað, dags. 3. apríl 2003, frá ferð rektors á fund EUA í Bristol dagana 26. – 30. mars 2003, „Hlutverk háskóla í evrópsku þekkingarsamfélagi”.
- 1.3 Lagt fram bréf rektors, dags. 31. mars 2003, til vísindanefndar, kennslumálanefndar og ráðgjafanefndar rektors um gæðamál er varðar gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands.
- 1.4 Lögð fram drög, dags. 1. apríl 2003, að Siðareglum Háskóla Íslands.
- 1.5 Lögð fram skýrslan „Framtíðarskipulag rannsókna í lífvísindum við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir”. Skýrsla starfshóps rektors, apríl 2003.
- 1.6 Lagður fram samningur um nemendaskipti milli Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Tækniháskóla Íslands, dags. 10. apríl 2003.
- 1.7 Lagðir fram þrjú samningar milli Háskóla Íslands og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, dags. 10. apríl 2003. Um er að ræða 1. Almennan samstarfssamning milli Háskóla Íslands og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, 2. Samkomulag milli læknadeildar og Þróunarsamvinnustofnunar um rannsóknarverkefni, og 3. Samning milli félagsvísindadeildar og Þróunarsamvinnustofnunar um kennslu.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Skipun fulltrúa stúdenta í Öryggisnefnd Háskóla Íslands.
 - Samþykkt einróma að skipa Guðmund Reyni Georgsson, verkfræðinema, fulltrúa stúdenta með atkvæðisrétt í Öryggisnefnd Háskólans.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Kolbrúnu Lindu Ísleifsdóttur, skrifstofustjóra lagadeildar, þar sem óskað er eftir breytingum á ákvæðum XII. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.
 - Samþykkt einróma.
- 2.3 Lögð fram drög, dags. 10. apríl 2003 að samstarfssamning um stofnun háskólaseturs á Ísafirði.
 - Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá samningnum.
- 2.4 Lagt fram bréf frá Andra Óttarssyni, formanni stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, þar sem óskað er eftir samþykki háskólaráðs á breytingum á reglugerð nr. 171/1968 fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

- Frestað.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Próftökugjald í inntökuprófi í læknadeild.

Halldór Jónsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Próftökugjald að upphæð 8.500 kr. samþykkt með sjö atkvæðum, en tveir voru á móti. Óskuðu fulltrúar stúdenta eftir því að fært yrði til bókar að þeir greiddu atkvæði gegn prófgjaldi.

3.2 Inntökuskilyrði fyrir nám í verkfræðideild. (Erindi forseta verkfræðideildar lagt fram á fundi 13. febrúar).

Halldór Jónsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. M.a. var rætt um það, hvort ábending verkfræðideildar um undirbúning fyrir nám í deildinni skuli vera skilyrði. Einnig var rætt um það, hvort tillögur deildarinnar feli í sér tilslökun á kröfum um undirbúning fyrir nám í Háskólanum.

- Samþykkt að beina því til verkfræðideildar að hún rökstyðji frekar afstöðu sína, meðal annars með hliðsjón af reglum Háskólans og umræðum í háskólaráði.

3.3 Ritun aldarsögu Háskóla Íslands. Tillaga rektors.

Rektor reifaði málið og var það rætt. Að umræðu lokinni var rektor falið að skipa þriggja manna nefnd, sem hefur það hlutverk að gera nákvæma áætlun um efnistöð, kostnað og vinnslutíma aldarsögunnar.

3.4 Drög að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum samningsdrögum og voru þau rædd.

- Frestað.

3.5 Drög að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

- Rektor heimilað að ganga frá samstarfssamningi milli Háskóla Íslands og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 15.30